

Skólaráð 16. janúar 2020

Mættir: Björg Baldursdóttir skólastjóri, Valtýr Ferrell og Róbert Mar fulltrúar nemenda, Sigríður Þrúður Stefánsdóttir og Aðalsteinn Möller fulltrúar foreldra, Örn Guðmundsson fulltrúi grenndarsamfélagsins, Helga Ágústsdóttir og Rósa Björk Guðnadóttir fulltrúar kennara og Iðunn Haraldsdóttir fulltrúi starfsmanna.

1. Skýrsla um skólalóð Kársnesskóla

Rætt um gögn sem ráðið fékk sent fyrir fundinn.

2. Drög að skóladagatali fyrir næsta skólaár

Drög að skóladagatali lagt fyrir skólaráð

- skipulagsdagar gætu færst til, þrír þeirra eru samræmdir við Kópavogsskóla og leikskóla hverfisins og tveir þeirra eru sameiginlegir með frístund
- sex skipulagsdagar að hausti sem hafa nýst starfsfólki vel fyrir undirbúning skólastarfsins, tveir dagar þá að vori
- dagsetningar samræmdra könnunarprófa ekki enn staðfestar frá Menntamálastofnun

Athugasemd um vetrarfrí, hvort að horft er til þess að hafa eitt vetrarfrí sem er lengra í stað tveggja styttri fría. Á síðasta skólaári var lögð fyrir könnun meðal foreldra og niðurstöður sýndu að meirihluti foreldra kys tvö tveggja daga vetrarfrí, eitt á hvorri önn.

3. Foreldramorgnar

Á síðasta skólaári voru stjórnendur með foreldramorgna þar sem foreldrum var boðið í spjall við stjórnendur, einum árgangi í einu. Viðbrögð foreldra voru góð og fjölmargar góðar athugasemdir sem hafa nýst vel í skólastarfinu. Nú verða þessir morgnar í febrúar, með svipuðu sniði og á síðasta ári.

3. Heimanám

Umræða síðustu vikur meðal stjórnenda og kennara að auka við heimanám, sér í lagi á yngsta- og elsta stigi þar sem heimanám er töluvert minna en á miðstigi. Hugmyndin er að bæta hægt og rólega í en ekki fara í kúvendingu á heimanámi. Umræða á eftir að eiga sér stað í kennarahópnum með hvaða hætti það verður gert, áherslan verður þó alltaf fyrst og fremst á lestur og málskilning.

4. Önnur mál

Ný skólabygging

Skólastjóri sendi bréf í vikunni til foreldra um skólastarfið þar sem hann stiklar á stóru um ýmis verkefni skólans það sem af er skólaári. Í bréfinu var m.a. sagt frá því að ný skólabygging í Skólagerði verður ekki tekin til notkunar fyrr en árið 2023, ári seinna en upphaflega var áætlað.

Fulltrúi foreldra ítrekar áhyggjur af aðgengi að nýrri byggingu og öryggismálum, s.s. bílastæðamál og umferð að skólanum. Skólastjóri mun óska eftir að fulltrúi frá Kópavogsbæ komi á skólaráðsfund og fari yfir þessi mál.

Mötuneyti

Fyrirspurn hvort gerð hafi verið könnun á viðhorfi til matarins í hádeginu. Ekki hefur verið gerð eiginleg könnun. Rýnihópar nemenda hafa rætt málið, bæði innan bekkja og á fundi með stjórnanda og skilað inn góðum ábendingum sem kokkurinn hefur tekið vel og bætt úr.

Fundargerð skráði Sigrún Valdimarsdóttir, aðstoðarskólastjóri